



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

**Varðar: Bryggjuhverfi vestur, svæði 4, nýtt deiliskipulag**

Ósk um umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna hugsanlegrar mengunar í jarðvegi, nýrra ofanvatnslausna og fráveitu.

Lokið er auglýsingu vegna tillögu að nýju deiliskipulagi umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 13. desember 2017 „Bryggjuhverfi vestur, svæði 4“ sem unnin er af Arkís, Verkís og Landslagi.

Svæðið er að mestu á núverandi landfyllingu og afmarkast af núverandi Bryggjuhverfi til austurs, Ártúnshöfða til suðurs og sjó til norðurs og vesturs. Í tillögunni er stefnt að uppbyggingu til að styrkja byggðamynstur núverandi Bryggjuhverfis og mæta þörf fyrir uppbyggingu nýrra íbúða auk þjónustu. Einnig er lögð fram almenn greinargerð og skilmálar fyrir innviði dags. 13. desember 2017, br 13.4.2018, og greinargerð og skilmálar fyrir húsbýggingar og mannvirki á lóð dags. 13. desember 2017, br 13.4.2018.

Tillagan var auglýst frá 5. janúar 2018 til og með 16. febrúar 2018. Athugasemdir bárust og hefur verið unnið úr þeim og tillagan var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði 18.04.18 með eftirfarandi bókun:

*Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. apríl 2018.*

*Vísað til borgarráðs.*

Í framhaldi af því var málið samþykkt í borgarráði og sent Skipulagsstofnun til yfirferðar, bréf barst frá skipulagsstofnun dags 30.05.2018 þar sem m.a. kom fram eftirfarandi:

Áður en Skipulagsstofnunin getur tekið afstöðu til deiliskipulagsins þarf umsögn Vegagerðarinnar að liggja fyrir um lágmarks gólfkóta kjallara og umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna hugsanlegrar mengunar í jarðvegi, nýrra ofanvatnslausna og fráveitu auk þess sem bregðast þarf við eftirfarandi atriðum:

Samanber bréf Skipulagsstofnunnar er hér með óskað umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna hugsanlegrar mengunar í jarðvegi, nýrra ofanvatnslausna og fráveitu.

F.h. skipulagsfulltrúans í Reykjavík  
Lilja Grétarsdóttir arkitekt og verkefnisstjóri

Meðfylgjandi er:

almenn greinargerð og skilmálar fyrir innviði dags 13.12.2018, br 13.04.2018.

almenn greinargerð og skilmálar fyrir húsbýggingar og mannvirki á lóð dags 13.12.2018, br 13.04.2018.

A3 afrit af þremur uppráttum deiliskipulagsins.

Gögn þessi er hægt að skoða nánar á eftirfarandi slóð: <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/bryggjuhverfi-vestur-svaedi-4-0>